

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 141/508
komudagur 14.11.2012

nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 14. nóvember 2012

Efni: Tillaga til þingsályktunar um jafnt búsetuform barna sem búa á tveimur heimilum – 152. mál.

Við er til tölvubréfs dags. 29. október 2012 þar sem óskað er eftir umsögn Tryggingastofnunar ríkisins um ofangreinda þingsályktunartillögu.

Í tillögunni er ályktað að fela innanríkisráðherra að skipa þriggja manna starfshóp sem semji skýrslu um það hvernig útfæra megi jafnt búsetuform barna sem búa jafnt og til skiptis hjá báðum foreldrum sínum á tveimur heimilum. Í því skyni taki hópurinn m.a. afstöðu til þess hvort taka skuli upp kerfi sem heimilar börnum að hafa tvöfalt lögheimili eða hvort annað fyrirkomulag jafnrar búsetu henti betur.

Tryggingastofnun telur ástæðu til þess að vekja athygli á því að það skiptir oft höfuðmáli varðandi rétt til greiðslna vegna barna frá stofnuninni, samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 100/2007 og lögum um félagslega aðstoð nr. 99/2007, hver sé framfærandi þess þar sem hann er þá viðtakandi greiðslna. Ef ætlunin er að koma á kerfi sem heimilar börnum að hafa tvöfalt lögheimili eða annað fyrirkomulag jafnrar búsetu getur það haft áhrif á það hver telst framfærandi barns eða jafnvel að báðir foreldrar gætu verið það. Þarf því að hafa í huga að gera viðeigandi breytingar á ofangreindum lögum þar sem m.a. væri tekið á því hvort eða hvernig greiðslur ættu að skiptast milli foreldranna eða hvort greiða eigi þeim báðum fullar greiðslur.

Þær greiðslur sem einkum þarf að hafa í huga í þessu sambandi eru barnalífeyrir, mæðra- og feðralaun, umönnunargreiðslur með börnum, uppbót vegna kaupa á bifreið og styrkur til kaupa á bifreið.

Á það skal einnig bent að Tryggingastofnun ríkisins er skylt að hafa milligöngu um meðlagsgreiðslur skv. 67. gr. barnalaga nr. 76/2003 og 63. gr. almannatryggingalaga. Því þyrfti að liggja ljóst fyrir hvort og/eða hvenær væri úrskurðað eða staðfest samkomulag um meðlagsgreiðslur ef foreldrar barns teljast báðir framfærendur þess á grundvelli þess að það er með lögheimili hjá þeim báðum eða um annað fyrirkomulag jafnrar búsetu er að ræða.

Virðingarfyllt,



Ragna Haraldsdóttir
Framkvæmdastjóri Stjórnsýslusviðs